

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

[uar@uar.is](mailto:uar@uar.is)

11. september 2020

**Mál: Áform um frumvarp til breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, mál nr. 174/2020.**

Samtök atvinnulífsins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (samtökin) skila sameiginlegri umsögn um málið en þar er lýst ætlan ráðuneytisins að leggja til þrenns konar breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í fyrsta lagi er ætlunin að koma böndum á menntun og þjálfun sundkennara og fleiri, í öðru lagi að kveða á um eftirlitsskyldu fyrir starfsemi sem nú er ekki háð starfsleyfi eða tilkynningaskyldu og í þriðja lagi að skýra hlutverk eftirlitsaðila við endurnýtingu úrgangs.

Samtökin tjá sig ekki um fyrsta atriðið og kjósa að bíða með umsögn um þriðja atriðið þar til frumvarpsdrög liggja fyrir en þá verður fyrst unnt að leggja mat á breytingar sem þær kunna að fela í sér.

Samtökin leggjast hins vegar eindregið gegn breytingu sem ætlað er að koma á og auka með því eftirlit með starfsemi sem ekki er starfleyfisskyld eða skráningarskyld. Eins og lýst er þá er málið sprottið af ósk heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra um nákvæmar upplýsingar um magn olíuvara sem flutt er um eftirlitssvæðið.

Samtökin benda á að í reglugerð um flutning á hættulegum farmi á landi nr. 1077/2010 (ADR reglugerðin) er fjallað um eftirlit með þessum flutningi en markmið reglugerðarinnar er „að tryggja að flutningur hættulegs farms á landi fari þannig fram að hætta á líkams- og heilsutjóni, svo og eignatjóni og umhverfisspjöllum, verði sem minnst“. Öll tæki og tól til olíuflutninga eru undir opinberu eftirliti Vinnueftirlits ríkisins og Samgöngustofu en hún felur faggiltum skoðunarstöðvar skoðunina. Ökumenn þurfa sérstök réttindi til flutninganna sem gefin eru út af til þess bærum yfirvöldum á EES – svæðinu sem hér á landi er Vinnueftirlitið en lögreglan hefur eftirlit með réttindum ökumanna. Lögreglustjórar hafa heimild til takmarka flutningsleiðir og tiltaka á hvaða tíma flutningur hættulegra efna fer fram eins og gert er í Hvalfjarðargöngum. Þar að auki falla allar olíugeymslur (bensínstöðvar, tankar, olíubirgðastöðvar) undir eftirlit heilbrigðisnefnda og Umhverfisstofnunar.

Þannig hafa stjórnvöld þegar tryggt bæði almennt öryggi og hagsmuni umhverfisins með umfangsmiklum reglum og víðtæku eftirliti. Ekki verður séð að heimild til heilbrigðisnefnda til aukinnar upplýsingaöflunar eða afskipta af olíuflutningum auki öryggi eða tryggi aukna umhverfisvernd frá því sem nú er. Fyrst og fremst virðist markmiðið að auka skriffinnsku án þess að því fylgi sérstakur ávinningur. Eins þarf að hafa í huga að heilbrigðisnefndirnar eru tíu talsins sem kallar á enn frekari kostnað og umsýslu hjá flutningsaðilum.

Bent er á að unnt er að takmarka umferð um verndarsvæði og þau sem friðlýst hafa verið og nægir að nefna samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu nr. 555/2015 og eðlilegt að heilbrigðisnefndin og sveitarfélögin á Norðurlandi vestra beiti einhverjum slíkum úrræðum gagnvart viðkvæmum svæðum í umdæminu.

Auk þess sem hér hefur verið talið upp þá eru olíufyrirtækin undir eftirliti samkeppnisyfirvalda og þær upplýsingar sem eftirlitið hefur farið fram á geta varðað mikilverða viðskiptahagsmuni og nauðsynlegt er að ráðuneytið sýni því sjónarmiði skilning, sérstaklega þar sem umhverfisávinningur af upplýsingaöfluninni er lítill eða hverfandi.

Samtökin benda á að lokum að þrátt fyrir ótvíæða lagaskyldu hefur heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra enn ekki birt skýrslu um starfsemi sína, með yfirliti um helstu verkefni undangengis árs, ásamt ársreikningi.

Virðingarfyllst,



f.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu



f.h. Samtaka atvinnulífsins